

1. Læsi

Læsi er einn af sex grunnþáttum menntunar í nýrri Aðalnámskrá frá 2011.

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum.

Stafræn tækni hefur breytt því umhverfi þar sem ritun og lestur eiga sér stað. Það dregur þó ekki úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi. Mikilvægt er að börn nái tökum á ákveðinni lestrar- og ritunartækni auk þess að nýta þá tækni sem í boði er. Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í samfélaginu og geti tjáð sig á persónulegan og skapandi hátt á fjölbreyttan máta.

2. Sjálfbærni

Sjálfbærni felur í sér að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum, þannig má segja að sjálfbærni sé ákveðið jafnvægisástand. Forsenda sjálfbærni í námi er að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar og annarra, að skilningur á fjármálalæsi sé góður og að nemendur geri sér grein fyrir muninum á þörfum og löngunum.

Í Grunnskólanum í Stykkishólmi eru nemendur hvattir til að skapa samábyrgt samfélag þar sem að sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar. Í náminu er tekist á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni af gagnrýninni hugsun. Kennsla og starfshættir fléttast saman við þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og stuðla að áhuga og vilja til þess að nemendur taki þátt í samfélaginu.

3. Lýðræði og mannréttindi

Í því hraða og breytilega samfélagi sem við lifum í er eitt mikilvægasta verkefni menntastofnanna að búa nemendurnar undir að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og að þau geta haft áhrif á það með þátttöku ekki síst í lýðræðislegri vinnu. Mikilvægt er að nemendur læri um lýðræði, sögu og mikilvægi þess og hvar það er notað í samfélaginu nær og fjær. Virkni lýðræðis og mannréttinda er forsenda og sá grunnur sem þróað lýðræðissamfélag byggir á.

Við í Grunnskólanum í Stykkishólmi vinnum að því að nemendur læri að taka virkan þátt í skólastarfi og hafi áhrif á skólastarfið og samfélagið með:

1. Uppeldi til ábyrgðar, bekkjarsáttmálar.
2. Starfsmannasáttmáli
3. Kosning nemenda í embætti innan skólans
4. Áherslu á lífsleikni
5. Hafa áhrif á valfög eldri bekkjardeilda
6. Gott aðgengi að starfsfólki skólans til að koma skoðunum sínum á framfæri
7. Námið byggi á þörfum hvers og eins með áherslu á eflingu félagsfærni

4. Jafnrétti

Markmið skólans er að hlúa að öllum sama hvort um er að ræða aldur, búsetu, fötlun, kyn, kynhneigð, litarhátt, lífsskoðanir, menningu, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni.

Skólinn hefur markað sér stefnu í jafnréttismálum og verður ein vika á hverju skólaári tileinkuð jafnrétti. Áhersla er lögð á að kynna nemendum málefni hinna ýmsu þjóðfélags hópa, hvatt er til jákvæðni og umburðarlyndis gagnvart fjölbreytileika mannlífsins og að allir eru ekki eins.

Áhersla er lögð á að bæði kynin eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika.

Í öllum samskiptum þarf að hafa í huga að réttur eins getur ekki takmarkað rétt annars.

5. Heilbrigði og velferð

Til þess að takast á við daglegt líf þurfa nemendur að vera í andlegu jafnvægi, líða vel og standa vel félagslega. Þar sem nemendur verja stórum hluta dagsins í skóla þarf allt skólastarf að stuðla heilbrigði og velferð.

Helstu þættir sem mikilvægt er að leggja áherslu á eru: sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Í skólum þarf að skapa nemendum aðstæður til heilbrigðra lífshátta. Mikilvægt er að skólinn veiti fræðslu um forvarnir, hreyfingu og almennt heilbrigði. Taka þarf mið af þessum þáttum í öllu skólastarfi svo sem íþróttum, heimilisfræði, lífsleikni og öðrum námsgreinum.

Menntun er mikilvæg forsenda heilbrigðis en jafnframt er líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði og vellíðan mikilvæg forsenda náms og góðs námsárangurs. Mennta þarf nemendur og styðja þá þannig að þeir geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði.

Í skólanum er m.a. stuðlað að heilbrigði og velferð nemenda með því að:

- Hlúa vel að einstaklingnum, kennarar oftast vel meðvitaðir um hvern og einn
- Vel haldið utan um íþróttir og sund í skólanum. Íþrótt- og sundtímar eru fleiri en viðmiðunarstundir segja til um í aðalnámskrá
- Bjóða upp á fjölbreytt íþróttastarf
- Bjóða upp á að kaupa heitan mat í hádegi
- Bjóða upp á fría mjólk með mat
- Hafa vatnsbrunn
- Bjóða upp á þjónustu og fræðslu frá skólahjúkrunarfræðingi
- Bjóða upp á reglulega útiveru s.s. frímínútur, vettvangsferðir, skíðaferðir, menningarferðir og útikennslu
- Bjóða upp góða stoðþjónustu

6. Sköpun

Sköpun byggist á gagnrýnni hugsun og fjölbreyttum aðferðum sem opna nýja möguleika og sýn nemenda á verkefni. Skapandi verkefni stuðla meðal annars að uppgötvun, áhuga og virkjar ímyndunaraflíð. Sköpunarferlið er ekki síður mikilvægt en afrakstur þeirra verkefni sem unnið er að (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Sköpun getur tengst flestum þáttum námsins og slík vinna vekur hugann, eflir lausnaleit og þróar hugsanir. Sköpun getur kennt börnum að þeirra skoðun er mikilvæg og að enginn hafi rangt fyrir sér (Eisner, 2002). Skapandi starf getur brotið upp mynstur, reglur og kerfi gefið nemendum nýja sýn á námið.

Stefna skólans er að:

- horft sé til skapandi námsumhverfi
- sköpunarþrá sé eflid í öllu skólastarfi
- auka gagnrýna hugsun
- stuðla að leik í námi